



FJÖLMÍÐLANEFND

28. júní 2022

Ákvörðun nr. 4/2022

Brot Ríkisútvarpsins ohf. á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið með kostun á dagskrárliðnum Tónaflóð á RÚV 2020 og 2021

I. Málsvik

1. Tildrög máls

Fjölmiðlanefnd barst ábending þann 25. febrúar 2022, þar sem vísað var til yfirlits yfir kostaða dagskrárliði á RÚV árið 2020, sem birt var í ársskýrslu RÚV fyrir rekstrarárið 2020. Fram kom að aðilinn sem ábendinguna sendi teldi nauðsynlegt að taka til gagnerrar skoðunar hvort allir dagskrárliðir sem kostaðir hefðu verið árið 2020 uppfylltu skilyrði fyrir kostun og heimild til þess að rjúfa dagskrá með auglýsingahléum. Var sérstaklega vísað til þess að þættirnir Tónaflóð gætu ekki talist íburðarmiklir dagskrárliðir í skilningi undantekningarákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. skýringar við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið. Einnig var vísað til nefndarálits meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar frá 20. febrúar 2013 sem lagt var fram við meðferð frumvarps til laga um Ríkisútvarpið á 141. löggjafarþingi, þess efnis að undanþáguákvæðið bæri að túlka þröngt.

2. Efnistöð og kostendur dagskrárliðar

Þættirnir Tónaflóð um landið voru í beinni útsendingu á RÚV og Rás 2 fjögur föstudagskvöld í júlí 2020 og 2021. Um var að ræða beina útsendingu frá sumartónleikum RÚV og Rásar 2. Þættirnir voru sendir út frá öllum landshlutum, þó eingöngu frá einum í senn. Þar var lögð áhersla á íslenska tónlist og slagara sem tengdust viðkomandi landshlutum. Hljómsveitin Albatross bauð til sín þekktum og óþekktum söngvurum úr hverjum landshluta og voru

áhorfendur í sal á meðan sóttvarnartakmarkanir leyfðu. Ferðinni í kringum landið lauk með Menningarnæturdansleik í Gamla bíói í Reykjavík í ágúst 2020.

Samkvæmt upplýsingum í ársskýrslu RÚV 2020 voru eftirtaldir dagskrárliðir kostaðir á árinu 2020: Bikarkeppni í handbolta, Bikarkeppni í körfubolta, Bikarkeppni í blaki, Brot, undankeppni EM í knattspyrnu, Eurovision og Söngvakeppnin, Hestaíþróttir, EM í handbolta, HM félagsliða, HM og heimsbikarmót í skíðaíþróttum, HM í íshokki, Íslandsmótið í fimleikum, Íslandsmótið í golfi, Landsleikir í fótbolta, Landsleikir í handbolta, Landsleikir í körfubolta, Ráðherrann, Reykjavíkurlaikarnir, Reykjavík Crossfit mótið, Skólahreysti og Tónaflóð.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu voru tekjur Ríkisútvarpsins af kostun Tónaflóðs hvort ár um sig [... kr.] eða samtals [... kr.]¹

II. Málsmeðferð og sjónarmið Ríkisútvarpsins

1.

Með bréfi dags. 18. mars 2022 óskaði Fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum og sjónarmiðum Ríkisútvarpsins. Í fyrsta lagi var óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum Ríkisútvarpsins varðandi það hvernig kostun þáttaraðarinnar Tónaflóðs um landið árið 2020 væri talin samræmast undanþáguákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið sem heimilar kostun á íburðarmiklum dagskrárliðum. Í öðru lagi var óskað eftir upplýsingum um það hvort gerðar hefðu verið breytingar á auglýsingareglum RÚV frá árinu 2017. Í þriðja lagi var óskað eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins um það hvernig skilgreining á hugtakinu íburðarmikill dagskrárliður í auglýsingareglum RÚV og RÚV Sölu væri talin samræmast undanþáguákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið sem heimilar kostun íburðarmikilla dagskrárliða, sbr. upptalningu þeirra alþjóðlegu viðburða sem getið væri í skýringum við ákvæðið í greinargerð með lögum um Ríkisútvarpið, sbr. einnig lögskýringasjónarmið um að undanþáguákvæði eigi að túlka þröngt.

Var þess óskað að svör Ríkisútvarpsins bærust eigi síðar en 1. apríl 2022. Með tölvupósti dags. 1. apríl óskaði Ríkisútvarpið eftir fresti til svara og var umbeðinn frestur veittur. Skriflegt svar Ríkisútvarpsins barst 11. apríl 2022 og var lagt fyrir Fjölmiðlanefnd á næsta fundi hennar, 3. maí 2022.

¹ Upplýsingar um fjárhæðir voru felldar út fyrir birtingu ákvörðunar í máli þessu.

2.

Varðandi kostun Tónaflóðs sérstaklega sagði í svörum Ríkisútvarpsins að útsending tónleika Menningarnætur, sem nú hefðu fengið yfirskriftina Tónaflóð, væri að sönnu íburðarmikill dagskrárliður sem væri sérstaklega tilgreindur sem slíkur í auglýsingareglum RÚV. Ákveðið hafi verið sumarið 2020, meðal annars í ljósi þeirra aðstæðna sem þá ríktu, að fjölga tónleikum og færa þá landsbyggðinni. Hafi tónleikar verið haldnir víðs vegar um landið það sumar undir merkjum Tónaflóðs. Til hafi staðið að ljúka tónleikaröðinni með stórtónleikum frá Arnarhóli í Reykjavík á Menningarnótt en ekki hafi orðið af því vegna sóttvarnarráðstafana. Þess í stað hafi lokatónleikarnir farið fram í Gamla bíói. Hafi þættirnir Tónaflóð verið hugsaðir sem „safn tónleika í einu knippi“, þ.e. að litið hafi verið svo á að einstakir tónleikar væru samofnir útsendingu lokatónleika Menningarnætur og þannig hafi þeir verið taldir flokkast undir að vera íburðarmikill dagskrárliður. Ekki hafi verið litið á tónleikana sem þáttaröð í skilningi auglýsingareglna RÚV.

Fram kom í svörum RÚV að eftir vandlega yfirlegu telji RÚV, eftir á að hyggja, að kostunin hafi ekki samrýmst auglýsingareglum RÚV og lögum nr. 23/2013. Hvorki hafi verið um að ræða þáttaröð sem talist geti íburðarmikill dagskrárliður samkvæmt lögum og skilgreiningu í auglýsingareglum RÚV, og hafi enda aldrei verið litið svo á, né geti einstakar útsendingar (að Menningarnótt frátalinni) talist íburðarmiklar eftir efni sínu. Um leið hafi ekki verið rétt að líta á allar útsendingarnar sem eina samfellda heild, líkt og raunin hafi verið. Telji RÚV, meðal annars, að framkomnum þessum skýringum, ekki efni til að líta svo á að RÚV hafi verið í vondri trú eða að um hafi verið að ræða augljóst brot á lögum og reglum, enda hafi verið litið á þættina sem eina, samfellda heild. Hafi hið breytta fyrirkomulag Tónaflóðs, frá því sem áður var, meðal annars stafað af sóttvarnarráðstöfunum vegna heimsfaraldursins. Telji RÚV að þess gerist þannig engin þörf að leggja stjórnvaldssekt á RÚV og í öllu falli skuli hún vera lágrar fjárhæðar.

Að lokum var þess getið í svörum RÚV að komandi sumar verði fyrirkomulag Tónaflóðs til samræmis við það sem áður var, þ.e. fyrir tilkomu heimsfaraldursins. Þá var þess einnig getið að sama fyrirkomulag hafi verið viðhaft árið 2021, þar sem mál hafi æxlast með svipuðum hætti, þótt erindi Fjölmiðlanefndar sé samkvæmt efni sínu takmarkað við árið 2020. Geri RÚV ekki athugasemd við að málið verði látið ná til beggja ára.

3.

Á fundi sínum 3. maí 2022 fjallaði Fjölmiðlanefnd um svör Ríkisútvarpsins og ákvað að taka málið til efnislegrar meðferðar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla. Var starfsmönnum falið að kalla eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu um tekjur af kostun Tónaflóðs 2020 og 2021. Jafnframt var samþykkt að unnið yrði frummat í málinu vegna ólögmetrar kostunar þáttanna Tónaflóð árin 2020 og 2021 og að Ríkisútvarpinu yrði veitt færi á að koma frekari sjónarmiðum á framfæri.

4.

Frummat Fjölmiðlanefndar í málinu var sent Ríkisútvarpinu með bréfi dags. 25. maí 2022. Í því fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið sem máli skiptu við mat á því hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, með kostun þáttanna Tónaflóð sem sýndir voru á RÚV sumarið 2020 og 2021. Fram kom að Fjölmiðlanefnd vildi veita Ríkisútvarpinu færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hefði verið gegn framangreindu ákvæði. Bent var á að niðurstaða Fjölmiðlanefndar, sem rakin var í erindinu, fæli í sér frummat nefndarinnar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Ríkisútvarpið hefði brotið gegn framangreindu ákvæði. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast ef athugasemdir og skýringar Ríkisútvarpsins gæfu tilefni til þess. Var þess óskað að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust nefndinni eigi síðar en 8. júní 2022.

Svör Ríkisútvarpsins við frummati Fjölmiðlanefndar bárust 8. júní sl. Í þeim var ítrekað að enginn efnislegur ágreiningur sé um að umrædd kostun hafi ekki samræmst auglýsingareglum RÚV og lögum nr. 23/2013, meðal annars þar sem ekki hafi verið rétt af hálfu Ríkisútvarpsins að líta á dagskrána sem eina samfellda heild. Vissulega hafi verið litið þannig á málið á sínum tíma en Ríkisútvarpið hafi þegar viðurkennt að þær skýringar standist ekki, eftir á að hyggja. Þá var í svörum Ríkisútvarpsins farið stuttlega yfir tilurð umræddrar dagskrárgerðar og ítrekað að óvæntar breytingar hafi orðið á henni vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þar sem annars vegar hafi þurft að fella niður með skömmum fyrirvara og hins vegar breyta í grundvallaratriðum Tónaflóðstónleikum á Menningarnótt í Reykjavík.

III. Niðurstaða

1.

Meginregla 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið felur í sér að Ríkisútvarpinu er óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis. Þó má víkja frá þeirri reglu í eftirfarandi tilvikum:

- a. við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða til að mæta útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti.
- b. við útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllun um þá.

Við skýringu á 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr. er nauðsynlegt að fyrir liggi skýr skilgreining á hugtakinu íburðarmikill dagskrárliður. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið eru nefnd dæmi um íburðarmikla dagskrárliði sem falla undir undantekningu frá banni við kostun dagskrárefnis en það eru útsendingar frá Ólympíuleikum, Evrópu- og heimsmeistarakeppni í handknattleik eða knattspyrnu og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Þá áréttar meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar mikilvægi þeirrar reglu að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis í nefndarálitu frá 20. febrúar 2013, sem lagt var fram við meðferð frumvarps til laga um Ríkisútvarpið á 141. löggjafarþingi. Í nefndarálitinu segir m.a. um undantekningar frá þeirri meginreglu: „Það er álit meiri hlutans að þetta undanþáguákvæði beri að túlka þröngt og fyrst og fremst ná til þeirra viðburða sem að framan greinir.“

Af framangreindu má ráða að við skilgreiningu á íburðarmiklum dagskrárliðum beri fyrst og fremst að líta til þess hvort efnið teljist til þeirra alþjóðlegra viðburða, eða sambærilegra viðburða, sem reifaðir eru í skýringum við 7. gr. Af ákvæði 2. mgr. 7. gr. má jafnframt ráða að líta megi til kostnaðar við útsendingu, þ.m.t. útgjalda við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti.

2.

Ríkisútvarpinu er sjálfu falið að setja reglur um undanþágutilvik eins og fram kemur í 8. mgr. 7. gr. laganna. Eru þær reglur aðgengilegar á vef RÚV undir yfirskriftinni „Auglýsingareglur RÚV og RÚV Sölu“. Í 6. gr. þeirra er að finna ítarlega umfjöllun um hugtakið íburðarmikill dagskrárliður þar sem tilgreint er hvers konar dagskrárliðir teljist falla þar undir:

Til íburðarmikilla dagskrárliða skv. a. liðum 1. og 2. mgr. teljast dagskrárliðir sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka:

- *útsendingar stórviðburða á borð við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Söngvakeppnin, Menningarnótt og söfnunarútsendingar fyrir góðgerðarmál, svo og afleidd dagskrá að því gættu að kostun, sbr. 1. mgr., sé seld í einu lagi;*
- *viðamiklar útsendingar (mann- og kostnaðarfreakar) frá mörgum stöðum samtímis;*
- *stórmót í íþróttum, innanlands sem erlendis, svo sem Landsmót hestamanna, heimsmeistara- og evrópukeppnir, smáþjóðaleikar, Norðurlandamót, heimsbikarmót og útsláttarkeppnir, svo og afleidd dagskrá að því gættu að kostun, sbr. 1. mgr., sé seld í einu lagi og að því marki sem b. liður 1. mgr. á ekki við;*
- *þættir og þáttaraðir, einkum leikið efni og heimildarþættir, framleidd af sjálfstæðum framleiðendum eða í formi samframleiðslu, þar sem framleiðslu- eða innkaupakostnaður RÚV nemur að lágmarki 30 milljónum króna á ársgrundvelli (yfir 12 mánaða tímabil) og tekur sú fjárhæð breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs og skal grunnvísitala miða við janúar 2017; og*
- *eigin framleiðsla RÚV, í formi leikinna verka fyrir sjónvarp og/eða hljóðvarp eða gerð heimildarþátta(-raða), þar sem framleiðslukostnaður RÚV nemur að lágmarki 30 milljónum króna á ársgrundvelli (yfir 12 mánaða tímabil) og tekur*

sú fjárhæð breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs og skal grunnvísitala miða við janúar 2017.

Til íburðarmikilla dagskrárliða skulu ekki taldir þeir dagskrárliðir sem teljast til eigin framleiðslu RÚV og eru hefðbundnir liðir í reglulegri sjónvarps- og/eða útvarpsdagskrá, svo sem hefðbundið afþreyingarefni á borð við umræðu- og spjallþætti, spurningakeppnir og einstakir heimildarþættir.

Við meðferð málsins hefur Ríkisútvarpið vísað til þess að útsending RÚV og Rásar 2 frá árlegum útitónleikum Menningarnætur í Reykjavík í ágúst teljist vera íburðarmikill dagskrárliður, eins og fram komi í auglýsingareglum RÚV og RÚV Sölu.

Er þar vísað til þess að í auglýsingareglum RÚV og RÚV Sölu segir að til íburðarmikilla dagskrárliða teljist m.a. „útsendingar stórviðburða á borð við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Söngvakeppnin, Menningarnótt og söfnunarútsendingar fyrir góðgerðarmál, svo og afleidd dagskrá að því gættu að kostun, sbr. 1. mgr., sé seld í einu lagi“.

Ríkisútvarpið hefur einnig vísað til þess að breytingar hafi síðar orðið á fyrirkomulagi lokatónleikanna í Reykjavík vegna sóttvarnarráðstafana af völdum heimsfaraldurs en lokatónleikar undir yfirskrift Tónaflóðs 2020 og 2021 hafi farið fram í Gamla bíói og verið án áhorfenda, í stað þess að vera haldnir á Arnarhóli í Reykjavík eins og árin á undan.

Í auglýsingareglum RÚV og RÚV Sölu segir að heimilt sé að kosta afleidda dagskrá íburðarmikilla dagskrárliða, „að því gættu að kostun sé seld í einu lagi“. Hvergi í lögum um Ríkisútvarpið er þó fjallað um hugtakið „afleidd dagskrá“, líkt og gert er í auglýsingareglum RÚV og RÚV Sölu. Fjölmiðlanefnd hefur ekki litið svo á að vísun Ríkisútvarpsins til afleiddra dagskrárliða í 6. gr. auglýsingareglna RÚV og RÚV Sölu, bindi hendur nefndarinnar, sbr. ákvörðun hennar í máli nr. 7/2018 og álit hennar í málum nr. 6/2019 og nr. 7/2019.

Allt að einu hefur Fjölmiðlanefnd lýst því sjónarmiði að sjónvarpsþættir eins og HM-stofan geti talist til „afleiddrar dagskrár“, þ.e. dagskrárliðar sem standi í svo beinum og gagngerum tengslum við hinn íburðarmikla dagskrárlið að heimilt geti verið að kosta hann, að því gefnu að kostun sé seld í einu lagi. Um þetta hefur nefndin vísað til þess að þættir á borð við HM-stofuna séu sýndir í beinum tengslum við tiltekinn íþróttaviðburð á alþjóðlegu stórmóti, þann sama dag, beint á undan, í hálfleik og/eða beint á eftir hinum íburðarmikla dagskrárlið og feli í sér greiningu sérfræðinga á leiknum.²

Fjölmiðlanefnd hefur hins vegar hafnað því að þættir eins og #12stig, þar sem álitsgjafar fjalla um lögin í Söngvakeppninni í aðdraganda hennar, og Alla leið, þar sem álitsgjafar fjalla um lögin í Eurovision-söngvakeppninni í aðdraganda hennar, geti talist íburðarmiklir dagskrárliðir

² Sbr. ákvörðun Fjölmiðlanefndar nr. 7/2018 vegna háttsemi Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði, í tengslum við sýningar á HM karla í knattspyrnu 2018.

eða hluti af íburðarmiklum dagskrárlið.³ Nefndin hefur sömuleiðis hafnað því að heimildapættirnir Saga HM, þar sem fjallað var um Sögu heimsmeistaramótsins í knattspyrnu, á margra vikna tímabili í aðdraganda HM í knattspyrnu karla 2018, hafi fallið undir heimild til kostunar íburðarmikilla dagskrárliða, þrátt fyrir að kostun vegna HM 2018 og heimildapáttanna hafi verið seld í einu lagi.⁴

Ríkisútvarpinu er sjálfu ætlað að setja reglur um kostun dagskrárefnis á grundvelli 8. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. auglýsingareglur RÚV og RÚV Sölu. Það er í höndum Fjölmiðlanefndar að meta hverju sinni hvort viðskiptaboð í miðlum Ríkisútvarpsins samræmist þeim lögum sem um starfsemina gilda. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar í máli þessu getur ekki tekið mið af öðru en lögum um Ríkisútvarpið, lögskýringargögnum og því hvort framsetning viðskiptaboða í miðlum RÚV samræmist þeim. Þá miðar niðurstaða Fjölmiðlanefndar í máli þessu eingöngu að því að skilgreina dagskrárliðinn Tónaflóð með tilliti til laga og lögskýringargagna. Því er ekki ætlað að skilgreina hugtakið íburðarmikill dagskrárliður með almennum hætti.

Ágreiningslaust er að Ólympíuleikar, Evrópu- og heimsmeistarakeppni í handknattleik og knattspyrnu og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva teljast til íburðarmikilla dagskrárliða í skilningi laga um Ríkisútvarpið, enda eru þessir dagskrárliðir sérstaklega taldir upp í skýringum við ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Fjölmiðlanefnd hefur einnig fallist á að Söngvakeppni sjónvarpsins, íslenska undankeppni Eurovision hér á landi, geti talist íburðarmikill dagskrárliður, sem heimilt sé að kosta og rjúfa með auglýsingum.

Að mati Fjölmiðlanefndar eiga sjónarmið sem réttlætt geta kostun íburðarmikilla dagskrárliða á RÚV ekki við um þættina Tónaflóð sem sýndir voru í júlí 2020 og 2021. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið er undantekningarheimild frá meginreglunni um bann við kostun dagskrárefnis á RÚV. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum ber að skýra undantekningarákvæði laga þröngt, sbr. einnig nefndarálit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar frá 2013 þar sem sérstaklega er tekið fram að undantekningarheimild til kostunar íburðarmikilla dagskrárliða í lögum um Ríkisútvarpið beri að túlka þröngt og fyrst og fremst að ná til þeirra alþjóðlegu viðburða sem taldir eru upp í skýringum við ákvæðið: Ólympíuleika, Evrópu- og heimsmeistarakeppni í handknattleik eða knattspyrnu og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Tónaflóð var yfirskrift beinna útsendinga frá tónleikum sem haldnir voru einu sinni í viku í samkomuhúsum á fjórum stöðum á landsbyggðinni í júlí 2020 og 2021 og fóru fram með áhorfendum í sal á meðan sóttvarnarráðstafanir leyfðu.

³ Sbr. álit Fjölmiðlanefndar nr. 6/2019 þar sem fram kom að þættirnir Alla leið tengdust Eurovision-söngvakeppninni 2019 ekki með þeim beina og afgerandi hætti að kostun þeirra væri heimil, þrátt fyrir að kostun hafi verið seld í einu lagi. Í álitinu nefndarinnar nr. 7/2019 kom með sama hætti fram að þættirnir #12stig tengdust Söngvakeppninni 2019 ekki með þeim beina og afgerandi hætti að kostun þeirra væri heimil, þrátt fyrir að kostun hafi verið seld í einu lagi.

⁴ Sbr. ákvörðun Fjölmiðlanefndar nr. 7/2018 vegna háttsemi Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði, í tengslum við sýningar á HM karla í knattspyrnu 2018.

Þar sem undanþáguákvæði 2. mgr. 7. gr. ber að túlka þröngt getur nefndin ekki fallist á að kostun þáttanna Tónaflóð í júlí 2020 og 2021 hafi verið heimil. Ekki var um að ræða alþjóðlegan stórviðburð á borð við þá sem raktir eru í skýringum við 7. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið. Þá var ekki um að ræða útsendingu frá stórviðburði á íslenskan mælikvarða.

Af framangreindu leiðir að Fjölmiðlanefnd telur þættina Tónaflóð, sem sýndir voru á RÚV í júlí 2020 og 2021, falla utan hugtaksins íburðarmikill dagskrárliður í skilningi laga um Ríkisútvarpið. Er það því niðurstaða Fjölmiðlanefndar að kostun þeirra hafi verið óheimil.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið getur Fjölmiðlanefnd lagt stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið vegna brota á ákvæðum 7. gr. sömu laga. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Ríkisútvarpið ohf. í samræmi við 1. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 1.500.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af tekjum af broti, eðli og umfangi brots og atvikum máls að öðru leyti.

IV. Ákvörðunarorð

Ríkisútvarpið braut gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 með kostun á þáttunum Tónaflóð sem sýndir voru á RÚV sumarið 2020 og 2021.

Ríkisútvarpið greiði 1.500.000 kr. í stjórnvaldssekt.



Einar Hugji Bjarnason



Erla Skúladóttir



Róbert H. Haraldsson